

Vöktun hreindýrastofnsins 2012 og tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta og ágangssvæði 2013



Skarphéðinn G. Þórisson
Rán Þórarinsdóttir

NA-130128
Egilsstaðir
Maí 2013

Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2012 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2013

*Skarphéðinn G. Þórisson
Rán Þórarinsdóttir*

NA-130128 Egilsstaðir, maí 2013

Mynd á kápu: Hreindýr
Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Egilsstaðir

Skýrsla nr:

NA-130128

Dags (mánuður, ár):

Mái 2013

Dreifing: Opin – á www.na.is

Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill):

Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2012 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2013

Upplag: 60

Síðufjöldi: 58

Fjöldi korta:

Fjöldi viðauka: 5

Höfundar:

Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir

Lagt fyrir:

Hreindýraráð og Umhverfisstofnun (deild lífríkis og veiðistjórnunar) á fundi þann 23. nóvember 2012.

Samvinnuaðilar:

Útdráttur:

Í þessari skýrslu er hreindýraveiðin 2012 krufin svo og þéttleiki dýra í vetrarhögum, fallþungi o.fl. 2012. Fjöldi, aldurs- og kynjahlutfall er skoðað á hverju veiðisvæði fyrir sig og forsendur tillögu um veiðikvóta 2013 skýrðar. Til sérstakrar skoðunar eru upplýsingaskil frá veiðimönnum. Að lokum er birt tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta haustið 2013 og skiptingu ágangssvæða.

Helstu tillögur Náttúrustofu Austurlands eru:

- Að kvótinn árið 2013 verði 1229 dýr, þar af 623 kýr og 604 tarfar.
- Að ágangssvæði verði þau sömu árið 2012 og undanfarin ár.
- Að veiðitími og fyrirkomulag veiða haldist óbreytt frá fyrra ári, að því undanskildu að heimilt verði að veiða um fjórðung kúakvóta á svæðum 8 og 9 í nóvember vegna þess að hluti dýranna er á óaðgengilegum stöðum á hefðbundnum veiðitíma.

Lykilorð:

Veiðikvóti, ágangssvæði, frjósemi, talningar, fallþungi, aldurs- og kynjasamsetning á fengitíma.

ISSN nr:

Yfirfarið: JÁJ

ISBN nr:

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Veiðin 2012	6
Þéttleiki í vetrarhögum	7
Samsetning hreindýrastofnsins 2012-2013.....	10
Skoðun einstakra veiðisvæða	11
Svæði 1.....	11
Svæði 2.....	13
Svæði 3.....	15
Svæði 4.....	16
Svæði 5.....	16
Svæði 6.....	17
Svæði 7.....	17
Svæði 8.....	18
Svæði 9.....	18
Fallþungi haustið 2012	19
Nýliðun og þroski hreinkúa.....	21
Gagnasöfnun úr veiðinni 2012.....	23
Tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2013.....	25
Reglur um veiðar, ágangssvæði og ágangsmat	27
Tillögur um breytingar innan ágangssvæða.....	27
Lokaorð	28
Heimildir.....	29
Fylgiskjal 1 Frjósemisflug 27. apríl 2012	30
Fylgiskjal 2 Sumartalningar úr flugvél 2012.....	34
Svæði 1 og 2 þann 27. 6. 2012.....	34
Svæði 2 og 6 þann 7. 7. 2012	39
Svæði 3 þann 24. 6. 2012	41
Svæði 7 og hluti af 6 og 8 þann 4. 7. 2012	42
Fylgiskjal 3 Flugtalningar á fengitíma 2012.....	45
Svæði 2, 6 og 7 þann 5. 10. 2012.	45
Svæði 1 og 2 þann 6. 10. 2012.	49
Fylgiskjal 4 Hreindýr í ársbyrjun 2012 frá Breiðdal á Mýrar.....	52
Fylgiskjal 5 Fallin hreindýr á Suðausturlandi 2012	54

Inngangur

Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum auk þess að veita upplýsingar og ráðgjöf um ástand, veiðipól og ágang stofnsins á grónu og eða ræktuðu landi. Gagnasöfnun er að stórum hluta unnin í samvinnu við heimamenn. Helstu þættir sem fylgst er með eru stofnstærðarbreytingar, dreifing, aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi, nýliðun, dánartíðni og líkamlegt ástand dýranna. Vöktun er forsenda sjálfbærrar nýtingar og þess að stofninn verði ekki stærri en landið ræður við. Sérstaklega mikilvægt er að fylgjast með þegar breytingar verða á dreifingu dýra eða öðru sem áhrif getur haft á stofnstærð eða þéttleika dýra eins og raunin hefur verið síðustu árin. Í þessari skýrslu verður vöktun ársins 2012 reifuð.

Náttúrustofa Austurlands metur árlega ágang hreindýra á allar jarðir á Austurlandi og gerir tillögu til Hreindýraráðs um skiptingu í ágangssvæði. Matið byggir á upplýsingum um fjölda og dreifingu dýra sem er safnað allan ársins hring. Mat á ágangi er eitt af því sem lagt er til grundvallar ákvörðunar um arðsskiptingu. Heimamenn eru hvattir til að tilkynna um hreindýrahópa og er þátttaka þeirra undirstaðan í þessum vöktunarlið. Lagðar voru til nokkrar breytingar á ágangsmati 2013 í ljósi breyttrar hagagöngu.

Náttúrustofa Austurlands lagði tillögu að veiðikvóta fyrir Hreindýraráð og Umhverfisstofnun þann 23. nóvember 2012. Tillögurnar voru samþykktar og lagðar fyrir umhverfisráðherra sem samþykkti þær án breytinga í byrjun árs 2013. Kvótatillaga Náttúrustofunnar miðast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila. Reynt er að viðhalda sambærilegu kynjahlutfalli og fyrirfinnst í stofnum sem ekki er veitt úr, eða um 4 tarfar á hverjar 6 kýr að hausti. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 1229 dýr árið 2013 (1. tafla).

1. tafla. Tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2013.

Svæði	Kýr	Tarfar	Alls
1	84	104	188
2	56	66	122
3	45	35	80
4	13	24	37
5	25	43	68
6	66	85	151
7	241	184	425
8	68	45	113
9	25	20	45
Alls	623	606	1229

Í fylgiskjöllum eru niðurstöður frjósemiskönnunar í apríl 2012, talningar að sumri og fengitíma svo og greinargerð um dreifingu hreindýra frá Breiðdal suður á Mýrar og að endingu samantekt um fallin hreindýr á Suðausturlandi veturinn 2011-2012.

Veiðin 2012

Veiðikvótinn haustið 2012 var 1009 dýr (2. tafla), og náðust þau öll nema níu kýr og sjö tarfar. Til viðbótar féllu eða voru felld 30 dýr vegna slysaskota (2. og 3. tafla). Af þeim komust átta dýr frá veiðimönnum og var lógað seinna af öðrum. Miðað við fjölda veiddra dýra verður þetta að teljast lítið þó það sé aldrei ásættanlegt.

2. tafla. Veiðikvóti, veidd hreindýr og slysadýr 2012 (Jóhann G. Gunnarsson 2012).

Svæði	Kvóti		Veitt		Slysadýr	Samtals fallin
	♀	♂	♀	♂		
1			4	37		41
2	291	169	284	128	23	435
3	30	45	30	45	2	77
4	10	21	8	21		29
5	35	28	35	28	1	64
6	30	46	29	46		75
7	120	67	120	67	1	188
8	47	25	45	25	3	73
9	25	20	24	17		41
Σ	588	421	579	414	30	1023
	1009		993		30	1023

Spurningar geta vaknað um fjölda særðra dýra sem sleppa frá veiðimönnum og veslast upp óséð. Engin dauð dýr fundust á veiðislóð í ár og bendir það vonandi til þess að slíkt sé afar fátítt. Flest slysaskotin verða á svæði 2 enda kvótinn stærstur þar og eru það fyrst og fremst kýr og kálfur sem verða fyrir því (3. tafla).

3. tafla. Dánarorsök aukadýra í veiðinni 2012 (Jóhann G. Gunnarsson 2012).

	Slysaskot			Lógað			Samtals
	♀	♂	kálfur	♀	♂	kálfur	
Veiðisvæði 1							
Veiðisvæði 2	9	4	4	2	2	2	23
Veiðisvæði 3	1		1				2
Veiðisvæði 4							
Veiðisvæði 5		1					1
Veiðisvæði 6							
Veiðisvæði 7			1				1
Veiðisvæði 8			1		2		3
Veiðisvæði 9							
Samtals	10	5	7	2	4	2	30

Þéttleiki í vetrarhögum

Áætlað var að vetrarstofn hreindýra 2012-2013 yrði sá sami og veturinn á undan eða um 4800 dýr. Skipting hans í hjarðir er sýnd í 4. töflu. Miðað við að náttúruleg dauðsföll væru í lágmarki (heildardánartíðni 4 mánaða og eldri dýra 5%) og að ársnýliðun um 25% ætti stofn hreindýra að vera tæp 6000 dýr haustið 2013 (4. tafla).

Hingað til hefur þéttleiki hreindýra í högum verið reiknaður út frá heildarflatarmáli lands. Hugsanlega hefur ástand haga breyst eitthvað á síðustu tíu árum og þá líklega þannig að land hefur gróið upp með eða án hjálpar mannsins og með minni beit.

Talið var nauðsynleg að fylgjast betur með áhrifum hreindýrabeitar. Reynt var að bæta mat á þéttleika hreindýra í högum og stuðst við gögn á upplýsingavef Landbúnaðarháskóla Íslands, Keldnaholti (áður Rannsóknastofnunar landbúnaðarins) og Landgræðslu ríkisins um jarðvegsrof á Íslandi (5. tafla og 1. mynd).

Æskilegur þéttleiki hreindýra í högum getur verið breytilegur eftir ástandi gróðurs og umhverfisþáttum. Talið er að fleiri en tvö hreindýr á km² í flétturikum vetrarhögum í Skandinavíu geti leitt til hruns í stofni (Helle et al. 1990). Á Grænlandi er stefnt að því að þéttleiki þeirra verði hvergi meiri en 1.2 dýr á km² (Cuyler, C. et al 2012). Í ljósi fyrrnefndra og fleiri gagna var ákveðið að stefnt skyldi að því að þéttleiki hreindýra á Austurlandi yrði hvergi hærrí 1 dýr/km². Talið var að það mundi tryggja að hreindýrin gengju hvergi nærri gróðri svo fremi sem áfrerar og snjór á vetrum takmörkuðu ekki verulega beit. Þar sem fleiri grasbítar nýta beutiland hreindýranna þarf að skoða betur og endurmeta reglulega beitarálag.

4. tafla. Þéttleiki hreindýrahjarða út frá heildarflatarmáli lands veturinn 2012-13 og nýliðun sumarið 2013.

Svæði	Hjörð*	Vetur 2012-13	km ²	Hreinn/km ²	júlí 2013	þ.a. Kálfar
1	Norðurheiðahjörð**	700	5760	0.12	875	175
2	Fljótsdalshjörð***	600	3330	0.18	750	150
1&2	Snæfellsbjörð	1300	9090	0.14	1625	325
3	Víknahjörð	300	980	0.31	375	75
4a	Seyðisfjarðarhjörð	50	590	0.08	63	13
4b	Mjóafjarðarhjörð	100	70	1.43	125	25
4	Fjarðahjörð	150	650	0.23	188	38
5a	Sandvíkurhjörð	250	360	0.69	313	63
5b	Reyðarfjarðarhjörð	100	310	0.32	125	25
5	Fjarðabyggðahjörð	350	670	0.52	438	88
6	Axarhjörð	550	1200	0.46	688	138
7	Álftafjarðarhjörð	1500	1090	1.38	1875	375
8	Lónshjörð	450	1030	0.44	563	113
9	Mýrahjörð	200	500	0.40	250	50
		4800	15210	0.32	6000	1200

* Hjarðir eru gróflega skilgreindar eftir ársútbreiðslu hópa

**Hreindýr sem ganga vestan og norðan Jökulsár á Dal


***Hreindýr sem ganga á hásléttunni austan Jökulsár á Dal

5. **tafla.** Skipting í veiðisvæði og þéttleiki í högum í vetrarbyrjun 2012 í ljósi ástands gróðurlenda. 0+1+2 tákna lítið rof, 3 talsvert rof og 4+5 tákna mikið rof (<http://www.rala.is/kvasir/> Upplýsingavefur RALA og Landgræðslu ríkisins um jarðvegsrof á Íslandi ©Höfundaréttur Ólafur Arnalds, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins 2002).

	Rofkort						Gróðurmynd				Stærð á km ²	vetrar stofn	dýr á km ²
	Stærð (km ²)	----- % -----					----- % -----						
		0+1 +2	3	4+5	Rof t. gróðri	Auðn, Fjöll	Auðnir	Rýrt	Fremur rýrt	Vel gróidd	á km ²	á km ²	
Svæði 1													
Vopnafjarðarhr	2181	59	33	8	21	32	34	10	23	33	1439		
Hlíðarhr	420	86	12	3	12	33	42	10	15	34	244		
Hofteigsheiði	339	88	11	1	4	19	25	18	32	25	254		
Jökuldalsheiði	499	38	52	11	21	41	42	10	25	23	289		
Brúaröræfi	1592	8	27	64	8	84	87	4	6	4	207		
Möðrudalsöræfi	988	5	10	86	3	94	90	4	4	1	99		
	6019										2532	700	0.30
Svæði 2													
Vesturöræfi	306	62	31	7	12	29	36	18	32	14	196		
Klausturs. Stuðla-Hnefsth.	456	89	10	1	4	7	11	16	49	24	406		
Fljótsdalshr, láglandi	357	89	11	0	8	7	13	16	37	33	311		
Fljótsdalsheiði	671	77	21	2	7	26	28	12	35	25	483		
Múli, Suðurfell	473	72	28	0	2	50	44	26	22	8	265		
Fellahr	326	95	5	0	4	2	10	16	31	42	293		
Tunguhr	295	99	0	0	1	0	6	4	16	74	277		
Vallahr	362	53	41	7	21	28	30	13	16	40	253		
	3742										2822	600	0.21
Svæði 3 og 4													
Hjaltastaðarhr	393	79	12	9	12	21	22	6	20	52	307		
Borgarfj. Seyðisfj.	676	48	38	14	36	54	45	10	14	31	372		
Egilsstaðir, Eiðahr	320	72	22	6	28	19	25	10	18	47	240		
	1389										918	350	0.38
Svæði 4 og 5													
Mjóifjörður	189	15	51	34	56	61	51	9	14	25	93		
Reyðarfjörður, Eskifjörður	405	18	70	12	62	35	36	11	18	35	259		
Neskaupst	228	32	64	4	54	32	31	9	17	43	157		
	822										509	450	0.88
Svæði 6													
Breiðdalur, Stöðvarfjörður	551	56	34	10	35	28	23	12	21	43	424		
Skriðdalshr	496	43	46	11	17	48	32	20	19	29	337		
	1047										762	550	0.72
Svæði 7													
Djúpavogshr	1126	71	27	2	11	46	40	20	21	19	676		
	1126										676	1500	2.22

Svæði 8													
Bæjarhr	745	29	42	29	14	75	56	19	13	12	328		
	745										328	300	0.92
Svæði 8 og 9													
Hornafjörður	737	36	31	33	20	69	47	16	13	24	391		
Borgarh.hr	376	33	39	28	9	72	56	14	12	18	165		
	1113										556	350	0.63
Samtals	16003										9103	4800	0.53

Með fyrrgreindum gögnum fást nákvæmari mælingar á flatarmáli og einnig má draga frá auðnir í útreikningum. Þegar þéttleikinn var skoðaður í ljósi þessa sást að hann var 2.2 dýr á km² á svæði 7 en annars staðar undir 1.0 (5. tafla). Við teljum að þessi mikli þéttleiki stafi fyrst og fremst að tilflutningi dýra af svæði 2. Annað sem gæti spilað hér inn í er að veiðar á svæði 7 fari að mestu fram nyrst á svæðinu og þá er hætt við því að dýrin þar séu að hluta ættuð af svæðum 2 og 6.



1. mynd. Stærð veiðisvæða án auðna og þéttleiki hreindýra þar. Lárétt lína markar eitt dýr á km².

Samsetning hreindýrastofnsins 2012-2013


Grundvallaratriði í vöktun stofnsins er að þekkja aldurs- og kynjasamsetningu, frjósemi, dánartíðni, fjölda dýra og dreifingu þeirra til að gera sér grein fyrir stofnvistfræðilegum breytingum. Áætlað var að hreindýrastofninn teldi 4800 dýr á fengitíma 2012.

6. tafla. Aldurs- og kynjahlutfall í hreindýrastofninum samkvæmt athugunum á fengitíma árin 2011-2012 á mismunandi svæðum. Um 65% af heildarstofni.

		♀	%	K	%	1 árs ♂	%	2ára ♂	%	>2ára ♂	%	Σ ♂	%	n	
Norðurheiðahjörð	700	273	39	217	31	56	8	63	9	91	13	210	30	607	6.10.12
Fljótsdalshjörð	600	240	40	240	40	66	11	30	5	30	5	126	21	354	6.10.12
Víknahjörð	300	120	40	75	25	30	10	33	11	51	17	105	35	301	3.10.11
Seyðisfjarðarhjörð	50	20	40	15	29	5	10	6	11	5	10	15	29		reiknað
Mjóafjarðarhjörð	100	40	40	29	29	10	10	11	11	10	10	29	29		reiknað
Sandvíkurhjörð	250	107	43	66	26	25	10	28	11	19	8	76	31	219	okt. 12
Reyðarfjarðarhjörð	100	42	42	27	27	11	11	9	9	11	11	30	30	161	5.10.12
Axarhjörð	550	198	36	154	28	77	14	55	10	66	12	198	36	718	5.10.12
Álftafjarðarhjörð	1500	645	43	465	31	135	9	120	8	135	9	390	26	587	5.10.12
Lónshjörð	450	180	40	131	29	45	10	50	11	45	10	131	29		reiknað
Mýrahjörð	200	102	51	50	25	14	7	16	8	18	9	48	24	179	9.10.11
Samtals	4800	1920	40	1392	29	480	10	528	11	480	10	1392	29	3126	

*meðaltal allra athuganna 2011 og 2012 notað við útreikninga


Aldurs- og kynjasamsetning í mismunandi hjörðum á fengitíma er sýnd í 6. töflu og á 2. mynd. Þar sést m.a. að tæplega helmingur af vetrarstofni hreindýra á Austurlandi var á fengitíma 2012 á veiðisvæðum 6 og 7 (Axar- og Álftafjarðarhjörð) (2. mynd).



2. mynd. Áætluð og útreiknuð stærð og samsetning hreindýrastofnsins í byrjun vetrar 2012 (byggt á 6. töflu).

Skoðun einstakra veiðisvæða

Hér verður staða hreindýra á einstökum veiðisvæðum skoðuð nánar. Vel tókst að skoða kynjasamsetningu á svæðum 1, 2, 6, og 7 á fengitíma 2012. Stuðst er við eldri upplýsingar á öðrum svæðum. Veiðisvæðin eru óbreytt frá fyrri árum (3. mynd). Hér á eftir verður hvert svæði skoðað fyrir sig.



3. mynd. Veiðisvæði hreindýra á Austurlandi (kortavinna Kristín Ágústsdóttir 2011).

Svæði 1

Reiknað var með að Norðurheiðahjörðin hafi verið um 600 dýr veturinn 2011-12. Þann 3. febrúar 2012 fannst stór hluti þeirra. Tæpur helmingur var á Jökuldalsheiðinni en afgangurinn norður í Vopnafirði (7. tafla).

7. tafla. Hreindýr á svæði 1 þann 3. febrúar 2012.

3.2.2012	Kýr	Kálfar	Veturgamlir T*	2 T	Fullorðnir T	x	Samtals
V Skjöldólfsst.hnjúks						80	80
V Skjöldólfsst.hnjúks						50	50
Langahlíð, Jökuld.heiði	26	12	8		2		48
Hölná, Vopnafj.heiði	48	33	19				100
Sesseljubúð Vopnafj.heiði	47	33	19	3	2		104
	121	78	46	3	4	130	382

*T: tarfar x: ógreint

Vitað var um dýr í Hauksstaðaheiði í Vopnafirði og þar norður af og einhverjir ferlar sáust líka á Sandvíkurheiði (KJ). Í apríllok sáust um 200 dýr á innleið á Brúardölum og var hálskragakýrin Ranga (rafmagnslaus) þar á meðal (4. mynd og 8. tafla).


8. tafla. Niðurstöður frjósemisflugs á svæði 1 þann 27. apríl 2012.

27. apríl 2012		Hyrndar ♀	Kollóttar ♀	Kálfar	♂	Samtals
Brúardalir	Vesturdalur	117	7	41		165
Brúardalir	Vesturdalur	5		3		8
Jökuldalsheiði	Fiskidalur	5		21	2	28
Samtals		127	7	65	2	201

Hún fannst síðan í Kringilsárrana í lok júní (5. mynd) en þá voru aðeins 27 kýr þar en reyndar tæp 200 utan við Kringilsá (9. tafla). Daginn áður voru 30-40 kýr með kálfa á Fagradal og ein með gulan (=ungan) kálf á Álftadal 26.6.2012 (ES).



4. mynd. Ranga á Vesturdal á leið í Kringilsárrana 27. apríl 2012 (ljósm. RB).



5. mynd. Ranga borin í Kringilsárrana 19.5.2012 (ljósm. RB).

Ranga var í nóvember 2012 í Háreksstaðaheiði. Hún rölti síðan norður undir Arnarvatn þar sem hún var felld 12. desember 2012 af Eiríki Skjaldarsyni og þar með endurheimtist hálskraginn með staðsetningartækinu.

9. tafla. Niðurstöður hreindýraflugs á Brúaröræfum 27. júní 2012.

27.6.2012	♀/vetrungar	Kálfar	♂	Samtals	Kálfar á 100 ♀ og vetrunga
Kringilsárrani	27	26		53	96
Sauðafell	49	42	1	92	86
Sauðafell	50	41		91	82
Innan Sauðár á Brúardölum	126	109	1	236	87

Þann 19. júní voru tæplega 100 tarfar við Arnarvatn í Vopnafirði (ÞE). Þeir komu ekki inn í Kringilsárrana þegar leið á sumarið frekar en undanfarin fimm ár. Þann 12. júlí 2012 sást bara ein kýr með kálfi í Kringilsárrana. Þann 23. júlí voru um 70 dýr í Arnardal en fóru síðan út í Bæjarlönd og þaðan austur um Vatnsstæði og út Fjallgarða (VV).

Um 30 dýra hópur fór út Álftadal (líklega kominn innan úr Hraukum í Þorlákslindum) og fór út Fjallgarð í byrjun ágúst (ES).

Í ágúst sást lítið til kúa og kálfa enda einungis fjórar kýr felldar á svæði 1. Þann 12. september veiddi Benedikt Arnórsson í Hofteigi úr um 300 dýra hjörð sem var mest kýr og kálfar norðan við Mælifell í Vopnafirði. Þann 19. sama mánaðar veiddi hann aftur á sömu slóðum en þá var þar um 120 dýra hjörð og þ.a. um 70 fullorðnir tarfar. Taldi hann það vera annan hóp en hann hafði verið fyrr í. Tugir tarfa gengu í Smjörfjöllum en um 15 voru eftir af þeim í lok veiðitíma og sáust á innleið innan við Fagradal á Brúardölum. Þegar Vopnafirðingar smöluðu á þessum slóðum í byrjun september fréttist af um 500 dýrum í nokkrum hópum (stærsti um 300). Mest kýr og kálfar en töluvert af törfum í einni hjörðinni, líklega þeir sem fréttist af í júní við Arnarvatn. Mikið spark sást líka á milli Mælifells og Kistufells og í Miðfjarðarárdögum. Þetta eru fáfarnar slóðir og engar eða afar fáar vegslóðir sem nær einungis eru þekktar af heimamönnum (FHG).

Rúmlega 600 dýr fundust á fengitíma á svæði 1 og þar af voru tarfar 30% (10. tafla). Þeir eru nú á réttu róli en hlutur þeirra á þessum slóðum var óvenjurýr haustið 2011. Reiknað er með að vetrarstofninn verði um 700 dýr. Lagt er til að kvótinn á svæði 1 verði í það minnsta á við nýliðunina þar og verði allur veiddur á svæðinu svo tryggt sé að dýrunum fjölgi ekki frá því sem nú er.

10. tafla. Samanburður á samsetningu hreindýrastofnsins á fengitíma á svæði 1 árin 2007 til 2012.

	♀	%	Kálfur	%	1 árs ♂	%	2ára ♂	%	>2ára ♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	155	35	111	25	60	14	50	11	64	15	174	40	440	28.10.07
2008	191	48	102	26	39	10	28	7	38	10	105	27	398	5.10.08
2009	168	45	108	29	44	12	17	5	36	10	97	27	373	29.9.09
2010	138	41	91	27	60	18	24	7	24	7	108	32	223	9.-10.10.10
2011	231	48	149	31	52	11	26	5	24	5	102	21*	482	27.9.11
2012	239	39	189	31	48	8	53	9	78	13	179	30	607	6.10.12

*ranglega skráð 31% í síðustu skýrslu (Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2012).

Svæði 2

Í talningu í júnílok 2012 fundust 568 hreindýr á Vesturöræfum og 401 í Þóriseyjum austan Snæfells (11. tafla). Tæpum tveimur vikum seinna hafði þeim fækkað á Vesturöræfum um tæp 300 dýr en fjölgað Undir Fellum um tæp 200. Á sama tíma fundust 565 dýr á svæði 2 austan Jökulsár í Fljótsdal (12. tafla).

11. tafla. Talning 27. júní 2012 á svæði 2 (Snæfellsöræfum).

27.6.2012	♀/vetrungar	Kálfar	♂	Samtals	Kálfar á 100 ♀ og vetrunga
Þóriseyjar	224	139	38	401	62
Undir Fellum	224	139	38	401	62
Vestan í Vestari Sauðahnjúk	165	104	6	275	63
Herjólfsdrag	196	89	8	293	45
Vesturöræfi	361	193	14	568	53
Samtals	585	332	52	969	57

12. tafla. Júlitalning 2012 á svæði 2.

7.7.2012	♀/vetrungar	Kálfar	Ungir ♂	Fullorðnir ♂	Samtals	Kálfar á 100 ♀ og vetrunga
Austurheiði	204	116	42	14	376	57
Kiðufell	26	11	44	21	102	42
Múli	53	26	8	0	87	49
Undir Fellum	360	200	19	3	582	56
Vesturöræfi	176	100	5		281	57
Samtals	819	453	118	38	1428	55

Á veiðitíma 2012 var talið að um 500 hreindýr hefðu verið á Fljótsdalsheiði en hluti þeirra fór síðan austur yfir Jökulsá í Fljótsdal og eftir voru um 400 dýr þar á fengitíma. Hart hafði verið gengið í kýrnar í veiðinni á heiðinni svo þar voru jafn margar kýr og kálfar (13. tafla).

13. tafla. Samsetning hreindýrahópa á Fljótsdalsheiði á fengitíma 2012.


6.10.2012	♀	Kálfar	1 árs ♂	2 ára ♂	>2 ára ♂	Samtals
Svæði 2	142	142	38	16	16	354
%	40	40	11	5	5	
Kýr : Tarfar	67		33			212
Kýr : Kálfar	100	100				

Tarfarnir máttu ekki vera færri þar (13. og 14. tafla). Svokallaðir Húseyjartarfar sem komnir voru á heiðina á veiðitíma voru að öllum líkindum að mestu veiddir upp (allir nema 6 skv. Jóhanni G. Gunnarssyni). Þess ber að geta að 5. október fundust 718 dýr á svæði 6 (sjá síðar) og þar var tarfahlutfallið 36%. Stór hluti dýra á svæðum 2 og 7 voru ættuð úr svonefndri Snæfellshjörð (talið að lágmarki um 200 dýr).

14. tafla. Samanburður á samsetningu hreindýrastofnsins á svæði 2 árin 2007 til 2010 og 2012.

	♀	%	Kálfur	%	1 árs ♂	%	2 ára ♂	%	>2ára ♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	369	45	277	34	93	11	42	5	35	4	170	21	816	30.9.07
2008	331	50	207	31	72	11	29	4	20	3	121	18	659	2.10.08
2009	496	40	402	33	128	10	88	7	116	9	332	26	1234	29.9.09
2010	498	41	361	29	174	14	86	7	111	9	371	30	1230	23.10.10
2012	142	40	142	40	38	11	16	5	16	5	70	21	354	6.10.12

Á 6. mynd er fjöldi og dreifing Snæfellshjarðarinnar í júlíbyrjun sýnd frá árinu 2000. Þar sjást greinilega þær breytingar sem orðið hafa síðustu árin. Tekið skal fram að um 500 dýr vestan og norðan Jöklu vantar í talningar 2011 og 2012.



6. mynd. Niðurstöður júlitalningar á Snæfellshjörð frá 2007. (Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2008, 2009, 2010, 2011, 2012, Rán Þórarinsdóttir 2005, 2006).

Þar sem hreindýrum á Fljótsdalsöræfum hefur fækkað mikið undanfarin ár er dregið mjög úr kvóta á svæði 2. Lagt er til að kvótinn verði fyrst og fremst veiddur austan Jökulsár í Fljótsdal miðað við svipað ástand á næsta ári.

Svæði 3

Í byrjun árs gengu flest dýrin á þessu svæði á Borgarfirði og í Afrétt en ekki var vitað um dýr í Loðmundarfirði og á Víkum eða á Héraði. Talið var líklegt að hjörðin væri öll (300) í Borgarfirði í janúar (SS).

Óvarlegt er að dýrunum fjölgi mikið meira á þessu svæði vegna þess að vetur geta reynst þeim erfiðir ef þau hafa ekki vit á að ganga í Austurfjöllunum á Héraði. Þó er þéttleiki þeirra á öllu svæðinu aðeins 0.3 hreinar á km².

15. tafla. Samanburður á samsetningu hreindýrahjarðarinnar á svæði 3 árin 2007 til 2011.

	♀	%	Kálfur	%	1 árs ♂	%	2 ára ♂	%	>2ára ♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	75	46	55	34	11	7	9	6	13	8	33	20	163	30.9.07
2008	111	44	84	33	6	2	9	4	43	17	58	23	253	29.9.08
2009	37	40	22	24	13	14	4	4	17	18	36	36	93	29.9.09
2010	112	37	83	28	39	13	38	13	29	10	106	35	301	23.10.10
2011	120	40	75	25			56*	19	50	17	106	35	301	3.10.11

*samtala fyrir veturgamla og tveggja ára tarfa

Dýrin voru ekki skoðuð sérstaklega á fengitíma að þessu sinni en í 15. töflu er rífað upp hvernig þetta var í fyrra. Kálfahlutfall var hátt (66 kálfar á 100 kýr/vetrunga) og veiðar hófsamar og meira að segja hluti tarfanna skotin upp á Aurum á svæði 4. Reiknað er með að vetrarstofn hreindýra á svæði 3 sé að mestu óbreyttur frá því í fyrra.

Svæði 4

Hreindýrahjörð, eithvað á annað hundrað dýr voru að sunnanverðu í Mjóafirði og í nágrenni Brekku allan veturinn 2011-2012 samkvæmt Ólafi Ó. Hanssýni frá Reykjum (JGG) og Sigfúsi Vilhjálmsýni á Brekku. Í Seyðisfirði voru aðeins örfáir tugir kúa. Í byrjun september voru um 90 kýr, vetrungar og kálfar á Sörlastaðadal, og 35 fullorðnir tarfar á Gagnheiði (ÓÓP). Taldar eru líkur á því að Mjóafjarðardýrin hafi lent á slóðir Reyðarfjarðarhjarðar í september (sjá svæði 5) og jafnvel einhverjir tarfar yfir á svæði 3 á sama tíma. Brýnt er að vakta betur hreindýr sem ganga í Seyðisfirði, Mjóafirði, á Fagradal, Reyðarfirði og Eskifirði á komandi ári.

Lagt er til eins og 2012 verði engar kýr veiddar í Seyðisfirði 2013.

Svæði 5

Hreindýrum á svæði 5 hefur verið skipt í tvær hjarðir, Sandvíkurhjörð og Reyðarfjarðarhjörð og virðist lítil samgangur hafa verið þar á milli undanfarin ár.

Reyðarfjarðarhjörð:

Í lok árs 2012 voru a.m.k. um 150 dýr á Fagradal. Erfiðlega gekk að finna öll dýr sem áttu að vera í Reyðarfjarðarhjarðinni á veiðitíma. Reiknað hafði verið með að þar væru um 300 dýr að sumarlagi. Líkur eru á að hjörðin hafi verið ofmetinn vegna þess að Mjóafjarðardýrin hafi verið talin með þeim. Um 160-200 dýra hópur fannst á Þverárdal í september. Þar sem smalar urðu ekki dýra varir í sunnanverðum Mjóafirði á sama tíma velta menn því fyrir sér hvort Mjóafjarðardýrin hafi verið í þeim dýrum. Í byrjun október voru síðan um 160 dýr á Fagradal (16. tafla).

Þar sem fleiri dýr fundust nú en reiknað var með í Sandvíkurhjörð eru líkur á að hluti Reyðarfjarðardýranna hafi lent þangað þó reiknað sé með litlum samgangi þar á milli.

16. tafla. Sundurgreining á Fagradalshóp 5. október 2012.

	♀	Kálfur	V♂	2♂	F♂	x	Σ
Fagradalur/Launá	67	44	17	15	17	5	165

Sandvíkurhjörð:

Um 100 dýra hópur var í Helgustaðahreppi út að Karlsskála í vetrarlok. Á veiðitíma var talið að dýrin væru minnst 200 og margir tarfar meðal þeirra t.d. sáust 60 fullorðnir tarfar við Snæfugl í september (SGM). Ekki tókst að finna nema einn hóp, 42 dýr í Sandvík í leitarflugi á fengitíma. Upp úr miðjum október sást hópur við Barðsnes og voru þar a.m.k. 177 dýr (17. tafla).

17. tafla. Sundurgreining hreindýra í Sandvíkurhjarð í leitarflugi 6. október og út frá myndum sem Jón Á. Jónsson tók 20. október 2012.

	♀/vetrungrar	Kálfur	2ára og eldri ♂	x	Σ
Sandvík 6.10.2012	16	13	13		42
Barðsnes 20.10.2012	78	45	37	17	177
Σ	94	58	50	17	219

Reiknað hafði verið með að Sandvíkurhjarðin yrði um 185 dýr sumarið 2012. Talin voru 219 dýr og vísbendingar um að þar í vanti einhverja tarfa og því líklegt að Sandvíkurhjarðin hafi verið um 250 dýr.

Lagt er til að draga úr kúaveiði í Reyðarfjarðarhjarð en auka tarfaveiði í Sandvíkurhjarð.

Svæði 6

Hreindýrum sem ganga á svæði 6 hefur fjölgað mjög á síðustu árum. Eins og fyrr hefur komið fram eru það að hluta dýr sem ættuð eru af svæði 2 og „hending“ getur ráðið því á hvoru svæðinu þau finnast þegar leitað er. Í lok febrúar voru 620 hreindýr á Öxi og (SB) og tæplega og 500 í Breiðdal (LS). Af þeim var á þriðja hundrað tarfar sem bændur kvörtuðu víða undan. Samkvæmt úttekt Skógræktar ríkisins voru skemmdir á trjám mestar á Hlíðarenda.

18. tafla. Sundurgreining dýra á svæði 6 á fengitíma.

5.10.2012	Kýr	Kálfar	VT	2T	FT	Samtals
Svæði 2&6	257	204	98	73	86	718
	36%	28%	14%	10%	12%	
Kýr : tarfar	50%		50%			514
Kýr : kálfar	100	79				

Í byrjun vetrar fundust 718 dýr á svæði 6 og því líklegt að þar hafi verið um 750 dýr í byrjun vetrar 2012. Eins og sést í 18. og 19. töflu er tarfahlutfallið enn hátt og því lögð til aukin tarfaveiði. Ítrekað skal að hluti þessara 800 dýra gengur líka á svæði 2 einkum norðan/austan Ytri-Sauðár og Fljótsdals.

19. tafla. Talning á svæði 6 á fengitíma 2011 og 2012.

	♀	%	Kálfur	%	1 árs ♂	%	2ára ♂	%	>2ára ♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2011	134	45	82	27	37	12	18	6	29	10	84	28	300	21.10.11
2012*	257	36	204	28	98	14	73	10	86	12	257	36	718	5.10.2012

*með eru tveir hópar á mörkum svæða 2 og 6 í Geitdal.

Greinilegt er að hreindýrum hefur fjölgað allverulega á svæði 6 og því er enn lagt til að auka kvótann. Ljóst er að mikill samgangur er á milli svæða 6, 7 og 2 og því oft erfitt að aðgreina sérstaka hjörð á þessu svæði. Brýnt er að auka vöktun á þessum svæðum í framtíðinni.

Svæði 7

Þann 4. júlí 2012 fundust 1497 dýr á svæði 7. Kýr og vetrungar voru 849 og tveggja ára og eldri tarfar 163. Erfiðlega hefur gengið að telja hreindýrin að sumarlagi á þessu svæði en nú fékkst ákjósanlegt veður og tryggði aðstoð Skúla Benediktssonar góðar heimtur á dýrum (20. tafla).

20. tafla. Niðurstöður flugtalningar 4. júlí 2012 á svæði 7.

	Kýr/vetrungar	Kálfar	Ungir T	Fullorðnir T	Σ
Veidisvæði 7	849	485	85	68	1487

Talning á fengitíma tókst einnig þokkalega og fundust 587 dýr á svæði 7. Tarfahlutfall virðist nálægt settu marki á svæðinu (21. tafla).

21. tafla. Talning á svæði 7 á fengitíma 2008, 2011 og 2012.

	♀	%	Kálfur	%	1 árs ♂	%	2ára ♂	%	>2ára ♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2008	235	44	164	31	64	12	24	4	48	9	136	25	535	30.10.08
2011	315	46	197	28	58	8	64	9	60	9	182	26	694	21.10.11
2012	254	43	181	31	51	9	48	8	53	9	152	26	587	5.10.2012

Ljóst er að margir tarfar finnast ekki í flugtalningu í byrjun júlí. Ef hlutur tarfa á fengitíma er skoðaður kemur í ljós að þeir ættu að vera 283-650. Fyrri talan gengur út frá því að allir veturgamlir tarfar fylgi kúnum í júlí en seinni talan að þeir séu allir með fullorðnu törfunum. Samkvæmt þessu vantar 120 til 487 tarfa inn í sumartalninguna. Samkvæmt því væri heildartala á svæði 7 í júlí 1600-2000 dýr. Ef reiknað er með að þau hafi verið tæp 1800 og veiðin tekið 187 dýr þá ætti fjöldi dýra á svæði 7 að vera a.m.k. 1500 dýr í byrjun vetrar 2012.

Reynt hefur verið að miða við að þéttleiki dýra fari ekki yfir 1 dýr á km². Þar sem þéttleiki dýra er kominn upp í 2.2 dýr á km² (sjá 4. töflu) er talið nauðsynlegt að hækka kvótann verulega frá því sem verið hefur. Ennfremur þarf að tryggja að hreindýrin verði að stórum hluta veidd sunnan Hamarsdals miðað við óbreytta hagagöngu.

Svæði 8

Þann 4. júlí 2012 var leitað að hreindýrum á austurhluta svæðis 8 og fundust 221 dýr (22. tafla). Reiknað er með að a.m.k. annað eins hafi ekki fundist og verið á vesturhluta veiðisvæðisins. Í mars 2011 fundust um 460 dýr í Lóni og í Nesjum. Hér er gengið út frá því að vetrarstofninn sé um 450 dýr. Skiptar skoðanir eru meðal heimamanna um fjölda og ástand dýranna á svæðinu. Afar brýnt er orðið að ná viðunandi sumartalningu á veiðisvæði 8 svo og hlutfallstalningu á fengitíma. Nauðsynlegt er einnig að fylgjast betur með líkamlegu ástandi dýranna hér og þar mætti bæta upplýsingaöflun leiðsögu-/veiðimanna.

22. tafla. Niðurstöður flugtalningar 4. júlí 2012 á svæði 8.

Kýr	Kálfar	Ungir ♂	Fullorðnir ♂	Σ	Staður	
1	2			3	Kálfadalur	Bæjardalur
29	11	18		58	Innri Hvítamelsbotn	Austur Lón
			5	5	Afréttarbotnar í Bæjardal	Bæjardalur
12	12			24		
26	14	3		43	N Lambatungur við Rauðhamar	Lónsöræfi
12	4	1		17	Sviptungur	Lónsöræfi
41	27			68	Víðidalur N Kollumúlavatns	Lónsöræfi
2	1			3	ofan við Grund í Víðidal	Lónsöræfi
123	71	22	5	221		

Vandamál veiða hér eins og á svæði 9 er að hluti svæðisins er mjög óaðgengilegt fyrir veiðimenn. Þess vegna getur sú staða komið upp að of mörg dýr eru veidd á aðgengilegum svæðum þar sem þeim fækkar þá meira en æskilegt er. Því er lagt til nú eins og í fyrra að hluti kvótans á svæðinu verði veiddur í nóvember-desember þegar þessi óaðgengilegu dýr eru yfirleitt komin niður á láglandi. Til viðbótar þarf að auka vöktun á svæðinu svo hægt verði að stýra veiðunum á heppilegustu svæðin.

Svæði 9

Í nóvember 2012 voru um 200 hreindýr á Mýrum sem er heldur færra en í fyrra en nær því sem var árin þar á undan. Eins og fyrr var stór hluti þeirra á óaðgengilegum svæðum á veiðitíma (vegna veiðibanns landeigenda eða fjarlægðar frá byggð) og samfara því of mikið álag á þau fáu dýr sem voru einkum í Hafrafelli og á Heinabergsdal. Eftir veiðitíma voru þau í mesta lagi um 40 (SG).

23. tafla. Talning á svæði 9 á fengitíma 2008 og 21. október 2011.

	♀	%	Kálfur	%	1 árs ♂	%	2ára ♂	%	>2ára ♂	%	Σ ♂	%	n	dags
2007	82	44	57	31	23	12	12	6	12	6	47	25	186	8.10.07
2008	81	45	45	25	12	7	9	5	21	12	42	24	181	31.10.08
2011	92	51	45	25	13	7	14	8	15	9	42	24	179*	9.10.11

*til viðbótar 5 ógreind dýr.


Upp úr miðjum september birtust um 100 dýr á sléttlendinu á Mýrum eflaust komin af friðuðu svæðunum og um viku seinna voru þau orðin um 200 og var þá ekki vitað um nein dýr í Suðursveit (SG). Ekki hefur enn náðst að sundurgreina Mýradýrin en í 23. töflu er samsetning hjardarinnar í október undanfarin ár sýnd.

Lagt er til að hluti kvótans verði veiddur í nóvember og þessum fáu dýrum vestan Fláajökuls hlíf algjörlega fyrir veidum haustið 2013 að óbreyttum forsendum.


Fallþungi haustið 2012

Fylgst er árlega með fallþunga hreindýra. Hann gefur til kynna líkamlegt ástand dýranna og þá um leið vísbendingu um ástand beitilands. Ekki var marktækur munur á fallþunga mylkra 3-5 ára kúa á milli 2011 og 2012 hvorki á fjörðum ($P=0.463$) né á svæði 2 ($P=0.476$). Vísbendingar eru þó um að þróun undanfarinna ára hafi haldið áfram því marktækur munur er á fallþunga nú og fyrir 3-4 árum (7. mynd). Haustið 2012 var veiði af svæði 1 ekki marktæk vegna fárra dýra.

Skýringar á þyngdarbreytingum liggja yfirleitt í fæðunni í gegnum tíðarfarið. Möguleg skýring á auknum fallþunga á svæði 2 og lækkuðum á svæðum 3-8 er að í felldum kúm sem taldar eru af svæði 2 séu kúr af svæðum 6 og 7 og öfugt.




7. mynd. Samanburður á meðalfallþunga mylkra 3-5 ára kúa á mismunandi veiðisvæðum frá og með 2000 (sýnastærð innan sviga).



8. mynd. Samanburður á meðalfallþunga mylkra 3-5 ára kúa á mismunandi veiðisvæðum haustið 2012 (sýnastærð innan sviga).

Nokkur munur virðist á fallþunga kúa eftir veiðisvæðum. Marktækur munur er á milli felldra dýra á svæði 2 og hins vegar 6 og 7 ($P=0,044$). Hins vegar reyndist ekki marktækur munur á milli svæða 3 og 5 ($P=0,104$). Þegar svæði 3 og 5 eru tekin saman og borin saman við 6 og 7 kemur fram marktækur munur ($P=0,001$). Fátækleg sýnastærð kemur í veg fyrir samanburð svæða 1, 4 og 8 og engin gögn eru frá veiðisvæði 9. Þetta þarf að hafa í huga þegar 8. og 9. mynd eru skoðaðar. Afar brýnt er að bæta skráningu veiðiupplýsinga á svæðum 8 og 9 þar sem þær skila sér ekki eða takmarkað (10.-12. mynd).




9. mynd. Meðalfallþungi 3-5 ára tarfa eftir svæðum 2012.

Marktækur munur reyndist vera á milli meðalfallþunga 3-5 ára tarfa á milli allra svæða sem buðu upp á skoðun í ljósi sýnastærðar ($P < 0,001$) nema 2 og 3 (9. mynd).


Nýliðun og þroski hreinkúa

Eins og fyrr segir bendir allt til þess að hreindýrastofninn sé sterkur og heilbrigður. Þegar fjöldi kálfa á hverjar hundrað kýr og vetrunga í júlíbyrjun er skoðað sést að hann var síðasta áratuginn nokkuð stöðugur. Sumarið 2012 var hlutfallið það hæsta sem sést hefur meðan Náttúrustofa Austurlands hefur vaktað stofninn (10. mynd).




10. mynd. Fjöldi kálfa á 100 kýr og vetrunga í júlítalningu á Snæfellsöræfum og rauð aðhvarfslína árána 2002-2012.

Þegar hlutfall kálfa sem fylgja kúm í júlíbyrjun er borið saman við fallþunga kúa í veiðinni sést að í flestum árum fylgist það að (11. mynd). Það undirstrikar að í stofni líkamlegra hraustra kúa er nýliðunin yfirleitt meiri en þar sem kýrnar eru léttari.




11. mynd. Hlutfallslegur fjöldi kálfa í júlí borinn saman við fallþunga 3-5 ára mylkra kúa í veiðinni 2012.

Þar sem kýr eru þroskamiklar má búast við að hluti kálfa fái fang á fyrsta hausti. Tiltölulegar fáar ungar kýr eru skotnar en þegar þær voru skoðaðar haustið 2012 var ein af hverjum fjórum mylk. Þegar þetta er skoðað aftur til 2000 var hlutur mylkra árgamalla kúa um 15% að meðaltali (13. mynd).



13. mynd. Hlutur mylkra og geldra hreinkúa eftir aldri, meðaltal 2000 til 2012.


Þetta virðist þó vera allbreytilegt á milli ára en fátækleg sýnastærð gæti skýrt það að hluta svo og að hugsanlega velja veiðimenn þroskameiri ungar kýr sem þá frekar eru með kálfi (14. mynd).



14. mynd. Hlutur mylkra hreinkúa eftir aldurshópum meðal felldra hreinkúa árin 2000 til 2012 og aðhvarfslínur athuganna.


Gagnasöfnun úr veiðinni 2012

Forsendur þess að hægt sé að vinna með upplýsingar úr veiðinni er að þær skili sér til Náttúrustofu Austurlands. Þegar skráning þeirra á veiðiskýrslur 2012 eru skoðaðar sést að það er nokkuð breytilegt hvað skráð er. Fallþungi skilar sér nokkuð vel eða á 81% en á 17% veiðiskýrslna er ekkert af þessum upplýsingum skráð (15. mynd).



15. mynd. Greining á upplýsingum sem rötuðu á kúaveiðikort 2012.


Mun færri færa fallþunga tarfa en kúa á skýrslur (16%) og fleiri mæla einungis bakfitu (37%). Tæpur helmingur allra veiðikorta 2012 var án þessara upplýsinga (16. mynd).



16. mynd. Greining á upplýsingum sem rötuðu á tarfaveiðikort 2012.

Þegar upplýsingaskilin eru skoðuð eftir svæðum sést að þau eru slökust á svæðum 8 og 9 og síðan 4 og 5 (17. mynd). Reyna þarf að bæta úr þessu en ljóst er að ástæðan liggur að hluta í því að á þessum svæðum eru dýrin skotin upp við fjallstinda og oft úrbeinuð á staðnum til að auðvelda burð til byggða og því ekki vigtuð.

Upplýsingaskil úr veiðinni 2012 eftir veiðisvæðum



17. mynd. Greining á upplýsingum sem rötuðu á tarfaveiðikort 2012 skipt eftir veiðisvæðum.

Tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2013

24. tafla. Tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2013 og samanburður við kvótann 2012.

Ágangssvæði vetrarstofn	Kvóti 2012			Kvóti 2013			Breyting				
	♀	♂	Σ	♀	♂	Σ	♀	♂	Σ		
Vopnafjörður (1)	15	22	37	36	30	66	21	8	29		
Jökuld. N og Selland (2)	15	40	55	42	59	101	27	19	46		
Jökulsárhl. N Sell. (3)	4	15	19	6	15	21	2	0	2		
Veiðivæði 1 - 700	1	34	77	111	1	84	104	188	50	27	77
Jökuldalur A (2)	72	20	92	3	5	8	-69	-15	-84		
Hróarstunga (4)	18	6	24	2	5	7	-16	-1	-17		
Fell (5)	33	7	40	3	5	8	-30	-2	-32		
Fljótisdalur (6)	95	25	120	30	10	40	-65	-15	-80		
Vellir V (10)	10	4	14	5	8	13	-5	4	-1		
Skriðdalur V (11)	7	7	14	7	10	17	0	3	3		
Hjaltastaðapinghá (8)	12	10	22	3	10	13	-9	0	-9		
Eiðapinghá (9)	10	13	23	3	13	16	-7	0	-7		
Veiðisvæði 2 - 600	2	257	92	349	2	56	66	122	-201	-26	-227
Borgarfjörður (7)	30	45	75	45	35	80	15	-10	5		
Veiðisvæði 3 - 300	3	30	45	75	3	45	35	80	15	-10	5
Vellir A (10)	1	1	2	3	10	13	2	9	11		
Mjóifjörður (12)	9	10	19	10	6	16	1	-4	-3		
Seyðisfjörður (12)	0	10	10	0	8	8	0	-2	-2		
Veiðisvæði 4 - 150	4	10	21	31	4	13	24	37	3	3	6
Reyðarfjörður (14)	30	8	38	20	8	28	-10	0	-10		
Eski- og Norðfj. (13)	5	20	25	5	35	40	0	15	15		
Veiðisvæði 5 - 350	5	35	28	63	5	25	43	68	-10	15	5
Skriðdalur A (11)	15	28	43	33	45	78	18	17	35		
Breiðdalur (15)	15	18	33	33	40	73	18	22	40		
Veiðisvæði 6 - 550	6	30	46	76	6	66	85	151	36	39	75
Djúpivogur (16)	120	67	187	241	184	425	121	117	238		
Veiðisvæði 7 - 1500	7	120	67	187	7	241	184	425	121	117	238
Hornafj.bær (Lón) (17)	35	18	53	45	31	76	10	13	23		
Hornafj.bær (Nes) (18)	12	7	19	23	14	37	11	7	18		
Veiðisvæði 8 - 450	8	47	25	72	8	68	45	113	21	20	41
H.fj.bær (Mýrar) (19)	20	15	35	20	15	35	0	0	0		
H.j. (Suðursveit) (19)	5	5	10	5	5	10	0	0	0		
Veiðisvæði 9 - 200	9	25	20	45	9	25	20	45	0	0	0
Samtals kvóti		588	421	1009		623	606	1229	35	185	220

Tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2013 og skiptingu hans á ágangssvæði er sýnd í 24. töflu. Þar koma einnig fram helstu breytingar frá kvótaskiptingunni 2012. Í stuttu máli er aðal breytingin tilfærsla frá svæði 2 yfir á svæði 6 og 7 í samræmi við breytingar á hagagöngu dýranna.

Í 25. töflu er kvótanum skipt niður á ágangssvæði. Alls eru þau 19 og lagt til að þau haldist óbreytt frá því sem verið hefur.

25. tafla. Tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta 2013 og skiptingu hans á ágangssvæði og samanburður við 2012.

Ágangssvæði	2012			2013			Δ 2012 vs2013		
	♀	♂	Σ	♀	♂	Σ			
Vopnafjörður (1)	1	15	22	37	1	36	30	66	29
Jökuldalur N og Selland (2)		15	40	55		42	59	101	46
Jökuldalur A (2)		72	20	92		3	5	8	-84
Σ 2	2	87	60	147	2	45	64	109	-38
Jökulsárhlið utan Sellands (3)	3	4	15	19	3	6	15	21	2
Hróarstunga (4)	4	18	6	24	4	2	5	7	-17
Fell (5)	5	33	7	40	5	3	5	8	-32
Fljótsdalur (6)	6	95	25	120	6	30	10	40	-80
Borgarfjörður (7)	7	30	45	75	7	45	35	80	5
Hjaltastaðapinghá (8)	8	12	10	22	8	3	10	13	-9
Eiðapinghá (9)	9	10	13	23	9	3	13	16	-7
Vellir A (10)		10	4	14		5	8	13	-1
Vellir V (10)		1	1	2		3	10	13	11
Σ 10	10	11	5	16	10	8	18	26	10
Skriðdalur A (11)		15	28	43		33	45	78	35
Skriðdalur V (11)		7	7	14		7	10	17	3
Σ 11	11	22	35	57	11	40	55	95	38
Mjóifjörður (12)		9	10	19		10	6	16	-3
Seyðisfjörður (12)		0	10	10		0	8	8	-2
Σ 12	12	9	20	29	12	10	14	24	-5
Eski- og Norðfjörður (13)	13	5	20	25	13	5	35	40	15
Reyðarfjörður (14)	14	30	8	38	14	20	8	28	-10
Breiðdalur (15)	15	15	18	33	15	33	40	73	40
Djúpivogur (16)	16	120	67	187	16	241	184	425	238
Hornafj. bær (Lón) (17)	17	35	18	53	17	45	31	76	23
Hornafj. bær (Nes) (18)	18	12	7	19	18	23	14	37	18
Hornafj. bær (Mýrar) (19)		20	15	35		20	15	35	0
Hornafj. bær (Suðursveit) (19)		5	5	10		5	5	10	0
Σ 19	19	25	20	45	19	25	20	45	0
Samtals kvóti 2012 og 13		588	421	1009		623	606	1229	220

Reglur um veiðar, ágangssvæði og ágangsmat

Lagt er til að aðal veiðitími verði óbreyttur frá 15. júlí til 20. september 2013 en að hluti kvótans á veiðisvæðum 8 og 9 verði veiddur í nóvember. Kynnt verði og rætt á árinu hvort veiðitími á kúr ætti ekki alls staðar að hefjast 10.-15. ágúst.

Lagt er til að ágangssvæði verði óbreytt .

Ágangssvæði

1. Vopnafjörður
2. Jökuldalur auk Sellands, Blöndugerðis, Bótar, Flúða, Hlíðar, Heiðarsel og Skóghlíðar. Án Valþjófsstaðar- og Skriðuklausturslands sem liggur innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshéraðs . (Skiptist í Jökuldal N sem tilheyrir veiðisvæði 1 og Jökuldal A sem tilheyrir veiðisvæði 2).
3. Jökulsárhlíð utan við Selland
